



## Fundur háskólaráðs 8. mars 2007

### Fundargerð

Málsnúmer: HI07010035  
Málalyklar: 011 Háskólaráðsfundur, fundargerðir,  
dagskrár og framlögð gögn  
Eigandi skjals: Margrét Ludwig  
Staða: Fært í skjalasafn

### Dagsetningar:

Búið til: 02.03.2007  
Dags: 08.03.2007

### Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands (690169-2039)  
Aðalbyggingu v/Suðurgötu  
101 Reykjavík  
Sími: 525 4000  
Fax: 552 1331

05/2007

## HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2007, fimmtudaginn 8. mars var haldinn fundur í háskólaráði sem hófst kl. 12.00.

Fundinn sátu: Kristín Ingólfssdóttir, Arnfríður Guðmundsdóttir (varamaður Birnu Arnbjörnsdóttur), Helgi Þorbergsson, Ólafur Þ. Harðarson, Reynir Jóhannesson (varamaður Ernu Kristínar Blöndal), Rúnar Vilhjálmsson, Þórir Hrafn Gunnarsson (varamaður Sigurrósar Eiðsdóttur) og Þórdís Kristmundsdóttir. Inga Jóna Þórðardóttir og Matthías Páll Inslund boðuðu forföll. Fundargerð ritaði Magnús Diðrik Baldursson.

Fundargerð síðasta fundar var lögð fram og hún samþykkt.

### 1. Mál á dagskrá

#### 1.1 **Stefna Háskóla Íslands 2006-2011: Tillaga starfshóps um endurskoðun deilda- og skoraskiptingar Háskóla Íslands, sbr. fund ráðsins 7. september sl.**

Ólafur Þ. Harðarson, prófessor og varaforseti háskólaráðs, formaður starfshóps um endurskoðun deilda- og skoraskiptingar Háskóla Íslands, gerði grein fyrir framlögðum tillögum starfshópsins. Málið var rætt ítarlega.

- Starfshópurinn mun vinna tillögurnar áfram með hliðsjón af framkomnum ábendingum og athugasemdum og verða endurskoðaðar tillögur lagðar fram til umræðu á háskólafundi 16. mars nk.

#### 1.2 **Skipulagsmál Háskólalóðar, heimsókn í Háskólatorg.**

Inn á fundinn kom Ingjaldr Hannibalsson, prófessor og formaður byggingarnefndar Háskólatorgs, og gerði grein fyrir framkvæmdum við Háskólatorg og skipulagsmálum Háskólalóðar. Málið var rætt og að því búnu héldu ráðsmenn í skoðunarferð um Háskólatorg undir leiðsögn Ingjaldrar.

#### 1.3 **Samstarf Háskóla Íslands við Reykjanesbæ um áframhaldandi þróun á íslensku þekkingarsamfélagi.**

Rektor gerði grein fyrir málinu og var það rætt.

- Samþykkt einróma að fela rektor að vinna áfram að undirbúningi málsins.

## **2. Erindi til háskólaráðs**

### **2.1 Stjórnir, nefndir og ráð:**

#### **Tilnefning fulltrúa Háskólans í stjórn Rannsókn- og háskólanets Íslands hf. (RHnet)**

Fyrir fundinum lágu reikningar RHnets hf. fyrir árið 2006. Rektor gerði grein fyrir tillögu sinni að skipun fulltrúa Háskóla Íslands í stjórn félagsins.

- Samþykkt einróma að fulltrúar Háskóla Íslands í stjórn RHnets verði þau Þórður Kristinsson, sviðsstjóri kennslusviðs, Sæþór Jónsson, forstöðumaður Reiknistofnunar Háskóla Íslands, og Ebba Þóra Hvannberg, dósent í verkfræðideild. Varamenn verði þau Jón Torfi Jónasson, prófessor í félagsvísindadeild, Anna Soffía Hauksdóttir, prófessor í verkfræðideild, og Fjóla Jónsdóttir, dósent í verkfræðideild.

Helgi Þorbergsson vék af fundi við afgreiðslu málsins.

Fleira var ekki gert.

Fundi slitið kl. 16.15.